

Vinnubók

Verkefnalýsing.

Vinnubókin er ykkar verkfæri til að taka með ykkur úr áfanganum. Því er mikilvægt að hún nái vel yfir þá hluti sem farið var yfir. Hún gildir einnig 25% af heildareinkunn úr áfanganum og því vil ég að þið vandið hana.

Það sem ég vil að komi fram er:

- Afrit af verkefnum sem farið var í á önninni (Lofttemprun, Co2 Olíuverkefni, og Lokaverkefni)
- Punktur úr Kæli4VD bókinni
- Glósur úr tímanum
- Nokkrir punktar um meðferð kælimiðils (Aftöppun, áfyllingu og meðhöndlun)
- Glósur úr skoðunarferðum
- Nokkrir punktar um kælipressur, virkni þeirra og keyrslu.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri, punktar um áfangann eða annað sem ykkur liggur á hjarta.

Vinnubókinni skal skila í seinasta lagi síðasta kennslutíma annarinnar, í lok viku 19.

Form bókarinnar má vera með hvaða sniði sem er, á blaði, á stafrænu skrárformi (pdf eða sambærilegt) eða á formi lifandi vefsíðu (google sites eða sambærilegt).

Þessi hluti er í sjálfu sér mikilvægasti þátturinn í áfanganum, því eins og fyrr segir er þetta ykkar skjal að taka með ykkur út í atvinnulífið og það sem þið getið alltaf leitað í þegar þið farið að vinna við slík kerfi.

Ég hvet ykkur til að nota myndir til útskýringa, bæði myndir teknar af netinu eða úr bókunum, en einnig er mjög gagnlegt að teikna sínar eigin útskýringarmyndir. Ef þið notið lifandi síðu getið þið einnig tengt myndbönd inn á vinnubókina.

Þetta er að sjálfsögðu einstaklingsverkefni.

Gangi ykkur vel.